

SAMÞYKKTIR
FYRIR AUÐHUMLU SVF.
kt. 460269-0599

I. KAFLI. HEITI OG TILGANGUR

1. grein

Félagið heitir Auðhumla svf. Heimili félagsins og varnarþing er að Austurvegi 65, Selfossi.

Félagið skal rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt lögum um samvinnufélög.

2. grein

Tilgangur félagsins er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, vinna hana, dreifa henni og selja fyrir sem best verð ásamt því að veita leiðbeiningar til félagsmanna um meðferð mjólkur. Auk þess eignarhald, rekstur og umsýsla með fasteignir. Félaginu er heimilt að reka hverja þá starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila. Félaginu er heimilt að stofna dótturfélög og eiga eignarhlut í félögum um starfsemi sína, auk þess að eiga aðild að félagasamtökum tengdum starfseminni. Félaginu er jafnframt heimilt að fela utanaðkomandi aðila hluta af verkefnum sínum.

II. KAFLI. FÉLAGSMENN – ÁBYRGÐ

3. grein

Mjólkurframleiðendur geta orðið félagsaðilar að Auðhumlu leggi þeir að staðaldri inn mjólk hjá félaginu. Upphæð aðildargjalds, sem greiðist við inngöngu í félagið, skal ákveðið á aðalfundi ár hvert. Aðildargjaldið rennur í stofnsjóð félagsaðila.

4. grein

Sá sem óskar eftir því að gerast félagsaðili í Auðhumlu sækir um það til stjórnar félagsins. Einstaklingar, þar með talið aðilar félagsbúa og þeir sem samskattaðir eru vegna mjólkurframleiðslu, og lögaðilar sem samþykkja að hlíta samþykktum félagsins geta orðið félagsaðilar.

Félagatal skal geymt á skrifstofu félagsins.

Þar skal koma fram hvaða deild félagsaðilar tilheyra. Skrá skal dagsetningu við nöfn þeirra er hætta að vera félagar. Óheimilt er að veita aðgang að félagatalinu til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi, sbr. 3. tl. 5. mgrein 28. grein laga nr. 77/2000.

Eigendur, félagsmenn, framkvæmdastjórar og aðal- eða varastjórnarmenn lögaðila, sem er félagsaðili í Auðhumlu svf., geta óskað skráningar í félagatal, enda starfi þeir að verulegu leyti við framleiðsluna. Þeir skulu aðgreindir frá félagsaðilum í félagatali, með sérstakri merkingu.

Þeir einstaklingar, sem eru á félagatali, eru kjörgengir í stjórn félagsins og fulltrúaráð. Skráning í félagatal felur í sér rétt til setu á deildarfundum og á aðalfundum félagsins með málfrelsi og tillögurétti. Félagatal skal liggja fyrir á félagsfundum.

Hver félagsaðili fer með eitt atkvæði á deildarfundum.

5. grein

Félagsréttindum halda félagsaðilar meðan þeir skipta við félagið með þeim hætti að leggja að staðaldri inn mjólk hjá félaginu, uns lokið er afgreiðslu reiknings þess árs, er viðskiptum var hætt, sbr. þó 3. mgrein 8. grein samþykktanna.

6. grein

Félagsaðili getur sætt brottvikningu úr félaginu:

- a) Ef hann verður ber að því að spilla álitum félagsins eða vinna gegn hagsmunum félagsins.
- b) Ef hann er félagsmaður að yfirvarpi, en hefur mest öll viðskipti sín annars staðar.
- c) Ef hann sýnir félaginu ítrekuð vanskil.

Nú ályktar stjórnin, að félagsaðili skuli víkja úr félaginu, og skal hún þá tilkynna honum það skriflega. Um útborgun séreignahluta félagsaðilans fer sem í 21. grein segir. Félag aðili getur skotið máli sínu til næsta aðalfundar.

III. KAFLI. FULLTRÚARÁÐ OG STJÓRN

7. grein

Félagið skiptist í eftirtaldar deildir:

Austurlandsdeild
Austur-Skaftafellsdeild
Vestur-Skaftafellsdeild
Eyjafjalladeild
Landeyjadeild
Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

Uppsveitadeild
Flóa- og Ölfusdeild
Vesturlandsdeild
Breiðafjarðardeild
Vestur-Húnaþingsdeild
Austur-Húnaþingsdeild
Norðausturdeild

Fulltrúaráð er kosið þannig að á aðalfundi hvernar deildar Auðhumlu skal fyrst kjörinn deildarstjóri til eins árs í senn. Deildarstjóri verður sjálfkrafa einn af fulltrúum deildar í fulltrúaráðinu. Kjósa skal einn fulltrúa til eins árs í senn fyrir hver byrjuð 12 virk innleggsnúmer deildar og jafnmarga til vara. Ef innleggsnúmer deildar eru 12 eða færri skal fulltrúinn vera einn, (þ.e. deildarstjóri, sbr. það sem að framan sagði), tveir ef innleggsnúmerin eru 13-24 o.s.frv. Sá fulltrúi sem flest atkvæði hlýtur skal jafnframt vera varadeildarstjóri. Ef deild er eingöngu með einn fulltrúa skal kjósa varafulltrúa sem jafnframt er varadeildarstjóri. Talning virkra innleggsnúmera skal miðuð við 31. desember næsta árs fyrir aðalfundi deildanna.

Fulltrúar allra félagsdeildanna mynda fulltrúaráðið og þeir einir fara með atkvæði á fulltrúaráðsfundum. Fulltrúaráðið kýs stjórn félagsins og varamenn í stjórn, svo og skoðunarmenn og varamenn þeirra, ásamt endurskoðanda.

Kjörgengir til allra starfa á vegum félagsins, annarra en starfs endurskoðanda, eru allir þeir sem skráðir eru í félagatal, sbr. 4. grein

8. grein

Aðalfundur kýs sjö menn í stjórn og þrjá til vara. Kjörtímabil stjórnar og varastjórnar er eitt ár. Kosning stjórnar og varastjórnar skal vera skrifleg.

Stjórnarkjóri skal þannig háttað að þær þrjár konur og þeir þrír karlar sem flest atkvæði fá í stjórnarkjóri skulu teljast réttkjörin. Sá sem næst kemur á eftir þeim að atkvæðamagni fær svo kosningu óháð því af hvaða kyni hann er. Sama fyrirkomulag skal viðhaft við kjör varamanna. Í varastjórn verða kjörin sá karl og sú kona sem flest atkvæði fá og þriðji varamaður verður síðan alltaf af því kyni sem fámennara er í stjórn.

Hætti stjórnarmaður, fulltrúi í fulltrúaráði eða skoðunarmaður að leggja inn mjólk að staðaldri hjá félaginu eða missi kjörgengi sitt af öðrum ástæðum, skal hann víkja sæti fyrir varamanni.

9. grein

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar kveður stjórnina til funda og stjórnar þeim. Stjórnarfundur er lögmætur, ef fjórir stjórnarmenn hið fæsta sækja hann. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundargerðir stjórnarinnar skulu ritaðar í gerðabók sem skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum sem sóttu stjórnarfundinn. Stjórnarmönnum er ætíð heimilt að taka þátt í stjórnarfundum með rafrænum hætti. Stjórnarformanni félagsins er einnig heimilt að ákveða að stjórnarfundur verði aðeins haldinn rafrænt.

Stjórnin boðar til aðalfundar og annarra fulltrúaráðsfunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Stjórnin leggur fyrir aðalfund

fulltrúaráðsins til ákvörðunar staðfestingu endurskoðaðra ársreikninga félagsins, hefur eftirlit með eignum félagsins og gætir hagsmuna þess í hvívetna.

Stjórn getur ákveðið að fulltrúar geti tekið þátt í fulltrúaráðsfundum rafrænt, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á staðnum. Skal þess þá sérstaklega getið í fundarboði. Fulltrúar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með þeim fyrirvara og þeim hætti sem kveðið er á um í fundarboði.

Stjórn er einnig heimilt að ákveða að fulltrúaráðsfundur verði aðeins haldinn rafrænt.

Ákveði stjórn að halda fulltrúaráðsfund að hluta eða öllu leyti rafrænt skulu í fundarboði koma fram upplýsingar um tækniþúnað, auk upplýsinga um það hvernig fundarmenn tilkynni þátttöku sína og hvar þeir geti nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgengi að fundinum og aðrar upplýsingar og leiðbeiningar um framkvæmd rafrænnar þátttöku í fundinum. Jafnframt skal tekið fram í fundarboði hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttáð á fundinum. Fulltrúar sem taka með rafrænum hætti þátt í fulltrúaráðsfundum geta lagt fram spurningar á fundinum í gegnum rafrænan fundarþúnað og skjöl með sama hætti og aðrir fundarmenn.

10. grein

Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra. Stjórnin gerir við hann starfssamning og semur um launakjör hans. Samningurinn skal vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með ákveðnum fyrirvara.

11. grein

Störf þau er félagsstjórn felur framkvæmdastjóra, eru einkum þessi:

- a) Að standa fyrir daglegum rekstri félagsins sbr. 2. mgr. 28. grein laga um samvinnufélög nr. 22/1991.
- b) Að hafa umsjón með eignum félagsins.
- c) Að ráða starfsmenn félagsins og semja um launakjör þeirra.
- d) Að sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og reglur.
- e) Að vera stjórn félagsins til ráðuneytis um allt er varðar hag þess og félagsmanna.

Framkvæmdastjóri skal gera grein fyrir starfsemi félagsins á aðalfundi fulltrúaráðsins ár hvert og hvenær sem stjórnin æskir þess.

12. grein

Allir þeir samningar, er stjórnin, eða framkvæmdastjóri í hennar umboði, gera fyrir hönd félagsins, samkvæmt samþykktum þessum eða ályktunum fulltrúaráðsfundar, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsaðila.

Firmað rita fjórir stjórnarmenn saman. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi fulltrúaráðsins, stjórnarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá er látið hefur bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

IV. KAFLI. FÉLAGSFUNDIR

13. grein

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins.

Í hverri deild félagsins skal boðað til aðalfundar einu sinni á ári. Deildarfundir skal halda ef fulltrúum þykir ástæða til, eða þeir fá um það rökstudd tilmæli helmings þeirra manna, sem í deildinni eru.

Á aðalfundi hverrar deildar skal liggja frammi skrá um félagi í deildinni.

Á aðalfundi deildanna skal kjósa deildarstjóra og fulltrúa fyrir deildina samkvæmt 2. málsgrein 7. greinar, ræða sérmál deildarinnar og félagsins í heild, gera ályktanir um mál, sem félagið varða og koma eiga fyrir næsta fulltrúaráðsfund. Deildarstjóri skal kalla saman deildarfundir og stýra þeim ef ekki er kosinn sérstakur fundarstjóri. Deildarstjóri skal þegar að afloknum aðalfundi deildar senda aðalskrifstofu félagsins fundargerðina og tilkynningu um fulltrúakjör (kjörbréf), svo að skrá um fulltrúa geti legið fyrir í byrjun aðalfundar fulltrúaráðs. Heimilt er deildum að sameinast um aðalfundi sína og aðra deildarfundir. Á aðalfundi deildanna skal jafnan mæta framkvæmdastjóri félagsins eða fulltrúi hans og/eða fulltrúi úr stjórn og gera grein fyrir rekstri félagsins og kynna afkomu liðins árs. Þar skal jafnframt mæta forstjóri eða fulltrúi forstjóra Mjólkursamsölunnar ehf. og gera grein fyrir rekstri félagsins og afkomu.

14. grein

Aðalfund Auðhumlu svf. skal halda að afloknu uppgjöri á ársreikningi félagsins, og eigi síðar en í apríl mánuði.

Til aðalfundar boðar stjórnin með minnst 7 daga fyrirvara. Boða skal fulltrúa skriflega, en jafnframt skal auglýsa fundinn með almennri auglýsingu.

Þessi skulu vera störf aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrsla um starfsemi Mjólkursamsölunnar ehf.
3. Lagðir fram til afgreiðslu endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið ár.
4. Hvernig farið skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosið í stjórn samkvæmt 8. grein
6. Kosnir skoðunarmenn samkvæmt 15. gr
7. Kosinn endurskoðandi samkvæmt 15. grein
8. Ákveðin upphæð aðildargjalds samkvæmt 3. grein
9. Ákveðið tillag í stofnsjóð samkvæmt 20. grein
10. Ákveðin þóknun stjórnar, skoðunarmanna og fulltrúa.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Aðalfundur er lögmætur, þegar fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundinn, enda séu á fundi meirihluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrétt. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði á fulltrúaráðsfundum.

Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, og skal boða til fundar að nýju með 7 daga fyrirvara. Er sá fundur lögmætur, án tillits til þess, hve margir fulltrúar sækja hann. Aðalfundur skal vera opin öllum þeim sem eru á félagaskrá, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

15. grein

Á aðalfundi skulu kosnir tveir skoðunarmenn og tveir til vara til tveggja ára í senn. Ganga þeir út sitt árið hvor. Skoðunarmenn skulu vera á félagatali, en mega ekki vera í stjórn félagsins eða dótturfélaga.

Á aðalfundi skal kosinn endurskoðandi eða endurskoðendafélag til eins árs í senn.

16. grein

Deildarfundir og fulltrúaráðsfundi skal boða skriflega með 7 daga fyrirvara. Á deildar- og fulltrúaráðsfundum verða ekki gerðar bindandi samþykktir um önnur efni en getið er um í fundarboði. Mál sem ekki er getið um í fundarboði má taka til umræðu á fundinum með samþykki meirihluta fundarmanna og gerð um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

17. grein

Aukafundi getur félagsstjórn boðað, ef henni þykir þess þörf. Félagsstjórn er jafnframt skylt að boða til aukafundar, ef félagsaðilar sem fara með að minnsta kosti 10% atkvæða, eða þriðjungur fulltrúa krefst þess skriflega og greinir fundarefni.

18. grein

Úrslitum mála á félagsfundum, hvort sem um er að ræða aðalfundi, fulltrúaráðsfundi eða deildarfundir, ræður afl atkvæða með þeim undantekningum sem greinir í samþykktum þessum.

19. grein

Í gerðabók skal rita allar samþykktir, sem gerðar eru á fundum félagsdeilda og fulltrúaráðs, og stuttlega sagt frá gangi mála, svo að gerðabókin sé trúverðug heimild um það, sem fram fer á fundum. Afrit fundargerða deildarfunda skal senda skrifstofu félagsins að fundi loknum.

Afrit fundargerða fulltrúaráðsfunda skal senda fulltrúum.

V. KAFLI SJÓÐIR OG VELTUFÉ

20. grein

Stofnsjóður Auðhumlu skal myndaður af séreignahlutum félagsaðila. Í hann skal leggja aðildargjald félagsaðila, samkvæmt 3. grein samþykktu þessara. Í stofnsjóð skal félagsaðili ennfremur leggja ákveðinn hundraðshluta af afurðainnleggi. Aðalfundur ákveður þetta tillag ár hvert fyrir eitt ár í senn. Í stofnsjóð skal enn fremur leggja þann hluta hagnaðar, sem aðalfundur ákveður, eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og fé lagt í sjóði félagsins samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Framlög í séreignahluta stofnsjóðs skulu færð á sérstakan reikning hvers félagsaðila og skal halda skrá sem sýni hlutdeild hvers framleiðanda í sjóðnum í lok hvers reikningsárs. Árlega skal séreignahluti félagsaðila í stofnsjóði vaxtareiknaður og verðbættur. Að jafnaði skal hafa til viðmiðunar almenna sparisjóðsvexti og verðbætur í samræmi við almennar verðbreytingar í þjóðfélaginu og skulu vextir og verðbætur bætast við höfuðstól séreignahlutans. Við útreikning vaxta og verðbóta skal þó tekið tillit til afkomu og fjárhagslegrar stöðu félagsins.

Arðgreiðslur sem aðalfundur ákveður að greiða skulu þó hafa forgang umfram vexti og verðbætur á séreignahluta félagsaðila að svo miklu leyti sem slíkar ráðstafanir eru í samræmi við ákvæði laga.

Aðalfundur getur ákveðið hækkun séreignahluta á þann hátt að yfirfæra fjárhæðir sem eftir standa þegar félagið hefur ráðstafað hagnaði og ákveðið tillög í sjóði. Tillagan um hækkun þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi.

Utanfélagsmenn skulu greiða sama hundraðshluta af viðskiptaupphæð sinni í varasjóð og félagsmenn greiða í stofnsjóð. Framlag þetta er óendurkræft og er eign félagsins.

21. grein

Stofnsjóð skal nota við rekstur félagsins. Séreignahluti í stofnsjóði skal koma til útborgunar við andlát félagsaðila eða slit félags, þ.m.t. gjaldþrot, sem aðild á að Auðhumlu.

Séreignahluti félagsaðila kemur einnig til útborgunar ef félagsaðild hans lýkur vegna þess að hann hættir að leggja inn mjólk að staðaldri hjá félaginu, eða flytur af félagssvæðinu, þ.e.a.s. út fyrir þau svæði sem félagsdeildir samkvæmt 7. grein starfa á.

Félagsaðild lýkur við afgreiðslu ársreiknings þess árs, er viðskiptum með mjólkurinnlegg var hætt, sbr. 4. grein samþykktanna, nema um tímabundna rekstrarstöðvun sé að ræða vegna aðstæðna sem ekki verður við ráðið. Skal þá greiða félagsaðila að fullu séreignahluta hans eigi síðar en 1. júlí á því ári, sem á eftir fer. Stjórn félagsins er þó heimilt að fresta greiðslu á séreignahluta í allt að 12 mánuði.

22. grein

Minnst 10% þess hagnaðar sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði samvinnufélags, skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóður nemur 10% af samanlagðri fjárhæð stofnsjóðs. Þegar því marki er náð skulu framlög vera minnst 5% hagnaðar þar til sjóðurinn nemur 25% af samanlagðri fjárhæð í stofnsjóð.

Varasjóði má ráðstafa til að mæta töpum, enda fari um þá ráðstöfun samkvæmt samvinnufélagalögum.

23. grein

Tekjuafgangi, sem greiddur er félagsaðilum, skal úthlutað eftir viðskiptamagni hvers um sig. Heimilt er að færa tekjuafgang að nokkru eða öllu leyti til næsta árs, samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðsins.

VI. KAFLI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

24. grein

Fulltrúaráð getur að tillögu stjórnarinnar, sett reglugerð á grundvelli samþykktu þessara, er kveði nánar á um einstök framkvæmdaatriði. Annars skal fara að venjum og fyrirmælum stjórnarinnar.

25. grein

Um félagsslit fer eftir lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Sama er um öll önnur atriði, sem ekki eru tekin fram í samþykktum þessum, en ákvæði eru um í greindum lögum.

26. grein

Samþykktum þessum verður ekki breytt, nema á fulltrúaráðsfundi og séu að minnsta kosti 2/3 atkvæðisbærra fulltrúa samþykkir breytingunum.

Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingar á félagssamþykktum, skal þess jafnan getið í fundarboði.

Þannig samþykkt á aðalfundi í Auðhumlu svf.

28. apríl 2023